

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar
héraðsdómslögmanns, 90.000 krónur.

Miðvikudaginn 8. apríl 1981.

Nr. 165/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hávarði Emilssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar refsingar, en sama bóta-krafa er uppi höfð fyrir Hæstarétti sem í héraði.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi er ákærufni ein-skorðað við atlögu ákærða að Garðari Eymundssyni og þær afleiðingar hennar, að tvær tennur brotnuðu í Garðari.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að háttsemi ákærða varði hann refsingu samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfum Garðars Eymundssonar, sem lýst er í héraðs-dómi, þykir í hóf stillt, þ. á m., eins og hér stendur á, kröfu vegna lögfræðilegrar aðstoðar við að gera úr garði bótakröf-ur, 100.00 krónur. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða dánarbúi Garðars Eymundssonar 2.623.00 krónur,

sbr. 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags, eins og krafist er, en upphafstímamark vaxta sætti eigi andmælum af hendi ákærða. Það athugast, að Garðar Eymundsson hafði uppi miskabótakröfu, áður en hann féll frá hinn 7. febrúar 1978, og er hennar getið í ákæru 14. desember 1977.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 2.000.00 krónur.

Aðfinnsluverður dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hávarður Emilsson, sæti 20 daga varðhaldi, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði dánarbúi Garðars Eymundssonar 2.623.00 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 1. febrúar 1980.

Ár 1980, föstudaginn 1. febrúar, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð var í skrifstofu dómisins að Strandgötu 31 í Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1154/1976: Ákærvaldið gegn Hávarði Emilssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, var höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 14. desember 1977 „á hendur Hávarði Emilssyni, húsasmið, Laufvangi 10 í Hafnarfirði, fæddum 17. september 1945 í Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 14. júní 1976, er ákærði starfaði við dyravörslu í veitingahúsinu Skipphóli í Hafnarfirði, að ósekju skellt Garðari Eymundssyni, fæddum 4. júlí 1931, á gólfið þar í veitingahúsinu þannig, að tennur í efri góm hans losnuðu og fjarlægja þurfti ellefu þeirra.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þriðjudaginn 15. júní 1976, kl. 1420, mætti Garðar Eymundsson, til heimilis að Hvannalundi 9, Garðakaupstað, hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði.

Kvaðst hann hafa farið í veitingahúsið Skipphól að kvöldi sunnudagsins 13. júní. Þegar dansleiknum hafi verið lokið, um kl. 0100, hafi hann haldið af stað niður stigann í veitingahúsinu, en þegar hann hafi verið kominn niður, hafi hann minnst þess, að hann þurfti að ná tali af einni starfsstúlku hússins, og því farið aftur upp. Kvaðst hann hafa verið kominn inn í danssalinn og verið að komast að stúlkunni, Steinunni Gunnarsdóttur. Þá hafi skyndilega gengið í veg fyrir hann maður í einkennisbúningi hússins. Maður þessi hafi verið ljóshærður, frekar hávaxinn og þéttur í vexti. Hann hafi aflað sér upplýsinga um, að hann hétí Hávarður Emilsson, sem er ákærði í máli þessu. Ákærði hafi stöðvað för hans og sagt honum, að ballið væri búið, og spurt, hvort hann væri ekki á leiðinni út. Kvaðst Garðar hafa samþykkt það, að dansleiknum væri lokið, og hafa sagt ákærða, að hann þyrfti að ná tali af stúlku, sem stæði skammt frá. Þá hafi ákærði ítrekað, að hann færi strax út, og hann samþykkt það, en jafnframt sagt, að hann mundi fara, strax og hann hefði sagt örfá orð við áðurnefnda stúlku. Þá hafi ákærði tekið hann taki í hnakkann og skellt honum umyrðalaust í gólfið. Garðar kvaðst ekki hafa munað meir, fyrr en hann hafi rankað við sér, þar sem hann hafi legið fyrir utan húsið á götunni.

Hann kvaðst síðan hafa farið heim. Kvaðst hann hafa skaddast í munn og lagði fram vottorð frá tannlækni um töku á framtönn. Hann kvað aðra tönn við hlið þeirrar, sem tekin var, skaddaða og ætti tannlæknir eftir að gera við hana. Hann kvaðst einnig hafa skaddast í andliti og vera töluvert marinn á mjöðm.

Hann kannaðist við að hafa verið undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann mundu leggja fram skaðabótakröfu, en íhuga, hvort hann gerði refsikröfu.

Skúli Þórðarson rannsóknarlögreglumaður, sem tók framan-greinda skýrslu, tekur fram, að Garðar hafi verið með greinilegan áverka á nefi og enni.

Garðar Eymundsson lést af slysförum hinn 7. febrúar 1978 og hafði þá ekki gefið skýrslu fyrir dómi.

Með bréfi, dags. 12. janúar 1977, samþykkti ríkissaksóknari, að málinu yrði lokið með dómssátt, enda féllist ákærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta, þó þannig, að ágreiningur um bótafjárhæð tefði eigi afgreiðslu málsins að öðru leyti. Taldist brot ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 17. nóvember 1977 var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómssátt með því að greiða kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs auk skaðabóta og alls sakarkostnaðar. Ekki féllst ákærði á þau málalok.

Hjá rannsóknarlögreglu hinn 21. júní 1976 kvaðst ákærði hafa verið að koma fólki út úr veitingahúsinu um kl. 0240. Hann hafi hitt tvo menn, sem verið hafi einir eftir uppi í húsinu, og beðið annan að fara út, en klappað á öxl hins, þ. e. Garðars Eymundssonar, og sagt: „Jæja, við skulum koma niður, vinur.“ Þá hafi Garðar brugðist hinn versti við og tekið í sig. Kvaðst ákærði hafa tekið á móti til að byrja með, en þegar Garðar hafi gert sig líklegan til að halda áfram með óspektir, hafi hann tekið í hálsmálið á jakka Garðars að aftan og dregið jakkann fram yfir höfuð hans til að gera manninn óvígán. Þá hafi Garðar ætlað að rykkja sér úr þessu einhvern veginn, en þá hrasað og dottið í gólfið. Hann hafi þá lagt hnéd á háls Garðars að aftanverðu til að halda honum niðri, þar eð búið hafi verið að kalla á annan dyravörð sér til hjálpar.

Ákærði kvað Garðar hafa legið rólegan á gólfinu, hreyft sig lítið og enga tilraun gert til að standa upp.

Síðan hafi komið annar dyravörður, Helgi Sigurðsson, og þeir báðir hjálpast að við að koma Garðari út. Kvað ákærði það ekki hafa gengið alveg átakalaust. Garðar hafa streyst mikið á móti og hvað eftir annað reynt að hrinda þeim niður stigann, en það ekki tekist. Ákærði kvað þá ekki hafa slegið til Garðars, meðan þetta stóð yfir. Þeir hafi reynt sem mest að halda höndum Garðars og gengið með hann milli sín niður stigann og

út. Ákærði var spurður, hvort hann hefði séð eitthvað á Garðari, eftir að hann stóð upp, og kvaðst ekki geta sagt til um það. Ákærði kvaðst hins vegar hafa verið blóðugur eftir átökin. Hann hafi fengið skurð á hægri hönd, sennilega af glerbrotum á gólfinu. Ákærði kvaðst ekki hafa sparkað í Garðar.

Ákærði kvað Garðar hafa hringt til sín sl. þriðjudag (15.06. 1976) og óskað eftir því, að þeir hittust. Kvaðst ákærði hafa svarað því til, að hann hefði engan tíma til þess, og því hefði ekkert orðið úr því, að þeir hittust.

Ákærða voru kynntar bótakröfurnar og kvaðst ekki greiða þær. Kvaðst ákærði telja, að hann hafi verið að sinna sínu starfi.

Framangreinda skýrslu staðfesti ákærði fyrir dómi hinn 5. janúar 1978, er ákæran var birt honum. Þá var ákærða enn kynnt bótakrafan, og sagði hann: „Nei, það kemur ekki til greina, að ég fari að borga eitt eða neitt í þessu máli.“ Kvaðst ákærði engu hafa við dómskýrslu sína frá 17. nóvember 1977 að bæta. Auk framangreinds sagði ákærði þá, að starf sitt sem dyra- varðar væri m. a. fólgið í því að koma fólki út, eftir að dansleik lyki. Kvaðst ákærði ekki beita ofbeldi eða yfirgangi. Hann kvað mennina hafa staðið við vinstúkuna og verið að reyna að fá keypt áfengi, að hann hélt. Einhver stúlka hafi verið þar, sennilega Steina (Steinunn Sigurborg Gunnarsdóttir). Kvað hann Garðar hafa ráðist á sig og brugðist hinn versti við og hent sér aftur á bak og á stólana, en búíð hafi verið að stóla upp sem kallað er. Hann hafi beðið Garðar að vera rólegan og slappa af og fara út. Garðar hafi sagt sér, að skipta sér ekki af þessu, og Garðar gert sig líklegan til að slá ákærða. Þá dregið jakka Garðars fram yfir höfuð hans, eins og áður var lýst. Þegar Garðar hafi þannig ekki séð neitt og ætlað að rykkja sér aftur á bak, hafi hann dottið fram fyrir sig á gólfið, en hann (ákærði) haldið um hálsmálið. Hann kvaðst ekki vita, hvort Garðar lenti á andlitinu. Hann taldi ekki ólíklegt, hafi svo verið, að þá hafi brotnað tönn hjá Garðari. Hann kvað þá dyraverðina hafa tekið sinn í hvora hönd Garðars og reist hann upp. Þá hafi Garðar alveg ætlað að tryllast, þar sem tveir dyraverðir væru komnir á hann. Hann kvað það fráleitt, að ákærði hefði rotast. Þá sagði ákærði einnig, að tilviljun hefði ráðið því, að jakkinn dróst yfir höfuð Garðars, en þannig hafi hann þó verið óskaðlegur.

Ákærði kannaðist við, að Garðar hefði hringt einum eða tveimur dögum eftir umrætt atvik og sagt, að hann væri búinn að

kæra og ákærði mundi ekki sleppa við þetta. Ákærði kvaðst þá hafa sagt, að það yrði svo að vera.

Steinunn Sigurborg Gunnarsdóttir, starfsstúlka í veitingahúsinu, fædd 1. desember 1943, til heimilis að Móabará 16, Hafnarfirði, mætti hjá rannsóknarlögreglu hinn 18. júní 1976. Hún kom fyrir dóminn hinn 12. janúar 1978 og vann eið að framburði sínum. Það helsta, sem hún hefur borið, verður nú rakið.

Hún kvaðst kunnug Garðari Eymundssyni, þar sem bróðir hennar væri uppeldisbróðir Garðars.

Hjá rannsóknarlögreglu kvað hún ákærða hafa lagt hendurnar á axlir Garðars og sagt: „Jæja, við skulum labba niður, vinur.“ Þá hafi Garðar brugðist illa við og slegið hendur ákærða af öxlum sér. Ákærði þá talað eitthvað, sem hún ekki heyrði, við Garðar. Síðan hafi hún séð til ákærða, þar sem hann hafi skellt Garðari í gólfið. Kvað hún sér finnast, að það hafi verið upp úr handalögmálunum í byrjun, sem að vísu hafi ekki verið hrein slagsmál, sem ákærði hafi skellt Garðari í gólfið. Hún kvað Garðar hafa legið nokkra stund hreyfingarlausan í gólfinu og ákærða hafa haldið honum, þannig að hann mátti sig ekki hræra. Á eftir hafi ákærði og annar dyravörður leitt Garðar á milli sín áleiðis niður stigann.

Fyrir dómnum kvað hún auk þess, sem nú hefur verið rakið, Garðar hafa verið ölvaðan. Hann hafi komið inn í salinn og ætlað að tala við hana. Ákærði hafi komið á eftir honum. Hún kvaðst ekki vita til þess, að Garðar hafi átt neitt sérstakt erindi við hana. Hún kveður engan hafa reynt að fá áfengi hjá sér. Hún taldi það rangt, sem fram kemur hjá ákærða, að Garðar hefði ráðist að ákærða, hent honum aftur á bak á stóla og gert sig líklegan til að slá ákærða. Hún telur Garðar hafa sagt við ákærða eitthvað á þessa leið: Ertu að reyna eitthvað, þykistu vera eitthvað? Garðar hafi ekki verið ógnandi að öðru leyti. Ákærði hafi dregið jakka Garðars yfir höfuð hans. Allt hafi gerst í einni svipan. Við svo búið hafi Garðar strax fallið fram fyrir sig og með andlitið fyrst í teppalagt gólfið. Hún kveðst ekki geta gert sér ljósa grein fyrir því, hvort þeir hafi þá verið í fangbrögðum, en telur helst, að Garðar hafi staðið kyrr. Hún kvaðst ekki vita, hvort Garðar rotaðist, en taldi það ekki ólíklegt. Hún kvaðst ekki muna, hvort Garðar hafi brotist um, er gengið var með hann út, og kvað Garðar hafa gengið sjálfan.

Eftir að skýrsla hennar hjá rannsóknarlögreglu hafði verið

lesin upp, kvaðst hún aðeins geta sagt, að Garðar hafi skolið í gólfið, en ekki geta sagt, að ákærði hafi skellt honum viljandi. Hún kvaðst ekki geta sagt til um, hvort Garðar hafi veitt mótspyrnu, þannig að hann hafi fallið í gólfið þess vegna.

Áðurnefndur Helgi Sigurðsson, fæddur 23. maí 1945, til heimilis að Suðurgötu 100, Hafnarfirði, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 24. júní 1976. Þá skýrslu staðfesti hann fyrir dómi undir eiði 12. janúar 1978.

Hann kvað hafa verið kallað á sig af þjóni öðrum dyraverði til aðstoðar við að fjarlægja mann úr sal hússins. Hann kvað manninn, sem lá í gólfinu, hafa verið snarvitlausan og brotist um á hæl og hnakka. Þeir hafi reist manninn upp og farið með hann út. Maðurinn hafi verið æstur, reiður og mjög erfiður viðureignar. Hann kvað manninn oft hafa slitið sig lausan og lagst í stigann. Þeir hafi því oft þurft að hálfbera hann. Þegar út var komið, hafi þeir sleppt manninum, en hann þá ráðist á þá. Því hafi þeir þurft að leggja manninn í götuna. Síðan hafi þeir sleppt honum eftir stutta stund og forðað sér inn í húsið. Hann kvað manninn þá hafa verið með rænu, en kvaðst ekki muna, hvernig hann var lagður í götuna. Hann kvað manninn ekki hafa hlotið nokkurn áverka, meðan hann og ákærði voru að kljást við hann, og kvaðst ekki hafa séð neina áverka á honum.

Hann kvað manninn hafa verið mjög drukkinn, en kvaðst telja, að hann hafi ekki verið hættulegur sjálfum sér frekar en menn í hans ölvunarástandi.

Þá kvað hann ákærða mjög rólegan mann og kvaðst ekki muna annað en ákærði hafi verið mjög rólegur þarna.

Bergsteinn Sigurður Ásbjörnsson framreiðslumaður og Hulda Markúsdóttir húsmóðir, bæði til heimilis að Þúfubarði 14, Hafnarfirði, komu fyrir dóminn til vitnisburðar hinn 27. janúar 1978. Þau staðfestu framburði sína með eiði.

Bergsteinn Sigurður kvað Steinunni Sigurborgu hafa beðið sig að bera vitni hjá lögreglu, en taldi sig ekki hafa séð atburði nógu nákvæmlega til að bera vitni.

Hann kvað ákærða hafa bent manninum á að fara út og minnti, að maðurinn hefði ýtt við ákærða. Hann kvað ákærða hafa skellt manninum í gólfið. Hann kvaðst telja, að maðurinn hafi átt upphafið að handalögmálunum. Hann kvaðst ekki muna, hvort maðurinn hafi ýtt ákærða á stóla, sem þarna voru uppi á borði, en muna, að tvö borð „voru alveg hrunin, og þurfti að setja stól-

ana aftur upp á þau borð.“ Hann taldi ljóst, að ákærði hafi lent á þessum stólum, þar sem maðurinn hafi verið nær barnum. Hann minnti, að einhver átök hafi átt sér stað, eftir að maðurinn var kominn í gólfið, og minnti fastlega, að maðurinn hafi fengið blóðnasir. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvernig maðurinn lenti í gólfinu. Hann kvað ákærða hafa verið góðan dyravörð að sínu viti. Spurður, hvort ákærði hafi beitt manninn harðræðum, sagði hann, að ákærði hefði getað verið mjúkhentari. Loks sagði Bergsteinn Sigurður, að hann hafi ályktað, að ákærði hefði skellt manninum í gólfið, en eftir á að hyggja gæti hann ekki fullyrt, að svo hafi verið.

Hulda Markúsdóttir kvaðst hafa staðið við barinn, en snúið sér við, er hún hafi heyrt lætin. Ákærði hafi margbeðið manninn að fara út. Ákærði hafi lagt hönd á öxl hans, en hann þá snúið sig úr hendi ákærða, frekar snöggt. Hana minnti, að maðurinn hafi veist að ákærða. Hún kvað ákærða hafa snúið manninn harkalega niður og hann lent á andlitinu. Sér hafi fundist þetta óhuggulegt. Hún kvað manninn hafa verið drukkinn. Hún kvaðst ekki muna, hvort sá á manninum, blóð eða annað. Er lesið hafði verið úr skýrslu ákærða, kvaðst hún muna, að maðurinn hafi hrint ákærða á borð með stólum upp á. Þá hafi maðurinn verið reiður og fokið hafi í ákærða við þetta. Hún kvaðst ekki vita, hvort maðurinn rotaðist. Hún kvað trúlegt, að hann hafi misst tennur við að lenda á andlitinu í gólfinu. Þá kvaðst hún hafa það á tilfinningunni, að ákærði hafi ýtt manninum í gólfið, og byggði ályktun sína á því, hve harkalega maðurinn lenti á andlitinu.

Eiginkona Garðars heitins, Salóme Sigfríður Sigfúsdóttir, fædd 12. febrúar 1932, kom fyrir dóminn til vitnisburðar hinn 13. júní 1979.

Hún kvað Garðar hafa sagt sér svo frá atvikum, að hann hafi verið á leið út frá dansleiknum ásamt Óskari Vigfússyni og fleirum, en þá hafi honum allt í einu dottið í hug að fara upp aftur og tala við Steinu, sem þar vann. Er hann hafi verið kominn inn á gólfið, hafi komið að honum maður og sagt eitthvað á þá leið, að nú væri dansleikurinn að verða búinn, og sagt honum að koma með sér út. Upp úr þessu hafi orðið átök, en Garðar hafi ekki kunnað vel að segja frá þeim, en þó sagt svo frá, að maðurinn (ákærði) hefði tekið í jakka hans með einhverjum hætti og hvolft honum yfir sig, þannig að hann hafi skolið í gólfið. Síðan hafi hann ekki munað eftir sér, fyrr en hann rank-

aði við sér utan við húsið, en þá hafi Erla María Kjartansdóttir, sem hún væri kunnug, verið að stumra yfir honum og talað um, að voðalegt hafi verið, hvernig þeir hefðu farið með hann.

Garðar hafi síðan sagt svo frá, að hann hafi gengið út að Reykjavíkurveginum, að því er henni hafi skilist. Þar hafi hann hitt lögreglu og óskað eftir því að fá að gefa skýrslu til að kæra manninn, en þeir hafi ekkert viljað á hann hlusta, þar sem þeir hafi talið að mati Garðars, að þetta væri drykkjuraus. Hann hafi þá gengið á lögreglustöðina, en þar hafi móttökur verið svipaðar og hann talið, að honum yrði stungið inn, héldi hann þessu áfram, eftir svipnum á lögreglumanninum að dæma og honum sagt, að hann gæti haldið þessu áfram á morgun. Hún kvað Garðar hafa gist þessa nótt hjá bróður hennar, Eiríki Sigfús-syni, Seltjarnarnesi, og komið heim daginn eftir og þá verið með sýnilega áverka í andliti. Hún kvað Garðar ekki hafa á það minnst, að hann hefði orðið fyrir skakkaföllum eða átökum, eftir að hann kom út frá Skiphóli.

Hana minnti, að Garðar hefði sagt henni, eftir að tannlæknirinn hafði dregið burt brotnu tönnina, að rétt væri að sjá til, hvort aðrar tennur, sem hún kveðst muna, að verið hafi lausar, mundu ekki festast. Því hafi frekari athugun ekki farið fram fyrr en síðar á þessu ári. Hún kvað það geta verið, að Garðar hafi vantað einhverja jaxla í efri góm.

Af gefnu tilefni ritaði Ólafur Pétursson Stephensen tannlæknir dóminum bréf, dags. 23. nóvember 1977. Þar segir m. a.:

„Vegna þess að framtennur Garðars voru brotnar og lausar, var nauðsynlegt að draga úr honum allar efrigómstennur og smíða í hann gerfitennur í efri góm.“

Þetta staðfesti hann fyrir dómi hinn 1. júní 1979. Einnig staðfesti hann reikning, dags. 14. júní 1976, um tannúrtöku og reikning, dags. 15. nóvember 1977, um tannúrtöku og smíði á efri góm í október og desember 1976.

Ólafur minntist þess, að Garðar hafi komið til hans 14. júní 1976. Garðar hafi verið eitthvað hruflaður í andliti og einnig bólginn, en ekki mikið. Önnur stóra framtönnin hafi verið klofin upp í rót og hún þá fjarlægð og önnur framtönn hafi verið laus. Tannhold Garðars hafi verið marið. Garðar hafi vantað tennur í efri góm. Hann minnti, að vantað hafi annað hvort augntönn eða framjaxl. Hann kvað ljótt skarð hafa myndast við það að taka varð framtönnina. Hann taldi, að höggið hlyti að hafa komið beint framan á munninn, til þess að tönnin kurl-

aðist svona í sundur. Hann taldi, að engin fullnaðarviðgerð hefði orðið ódýrari, þótt svo aðeins hefði þurft að fjarlægja 2 framtennur og allar aðrar hefðu verið heilar.

Þá kvað tannlæknirinn blæðingar út af svona broti geta verið hvort heldur miklar eða litlar. Tannholdið hafi verið þrútið og sollið. Hann hélt, að blæða hefði átt úr gómnum, er tönnin brotnaði, en blæðingar geta verið mjög mismunandi að magni.

Í vottorði Kristjáns Jóhannessonar læknis, dags. 15. júní 1976, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir:

„Garðar Eymundsson, sjómaður, f. 4.7.31, heima Hvannalundi 9, Garðabæ, kvaðst aðfaranótt þ. 14. þ. m. hafa verið á dansleik í Skiphóli og var að fara út, er maður nokkur skellti honum óviðbúnum í gólfið, svo að hann féll beint á andlitið, og heldur, að hann hafi rotast, vissi ekki af sér fyrr en úti á götu. Komst fljótlega til sjálfs sín.

Við skoðun í dag sést, að nef er bólgið og hruflað, og hefur þó dregið úr bólgunni, segir Garðar.

Tvær framtennur losnuðu í efri góm, og var önnur brotin, og varð tannlæknir að taka hana. Hin tönnin er enn laus, og er óvíst um örlög hennar. Lófastór marblettur eða öllu heldur punktblæðingar sjást neðan til á hægri mjöðm, og er Garðar ekki viss um, hvornig slíkt er til komið, en telur helst, að sparkað hafi verið í sig.

Garðar kveðst vera mjög aumur í munninum, einnig hafi hann verk í höfði, giska á, að hann hafi fengið snert af heilahristingi. Hann kveðst og vera allur mjög eftir sig eftir þetta atvik.“

Telja verður sannað, að tjónþoli, sem var ölvaður, hafi brugðist illa við þeirri ósk ákærða, að hann yfirgæfi veitingahúsið, og þá sýnt mótþróa og veist að ákærða, þannig að til handalög mála kom með þeim, en þó verður að telja ósannað, að tjónþoli hafi gert sig líklegan til að slá ákærða. Það tak, sem ákærði tók tjónþola, þykir hafa verið þess eðlis, að það hafi valdið því, að tjónþoli féll fram fyrir sig og andlit hans skollið harkalega í teppalagt gólfið. Ákærði hefur sjálfur lýst því, að hann hafi dregið jakka tjónþola fram yfir höfuð hans, en þannig hafi tjónþoli orðið óvígur eða óskaðlegur og ekki séð neitt. Ákærði kveður þó tjónþola þá hafa ætlað að rykkja sér aftur á bak, en þá dottið fram fyrir sig á gólfið. Ákærði sleppti þó ekki taki sínu og hélt um háls málið á jakkanum. Allt gerðist þetta í skjótri svipan og ekki átakalaust, að því er virðist. Telja verður upplýst, að tjónþoli hafi átt upphafið að viðureign þeirra, en sam-

kvæmt gögnum málsins þykir valdbeiting ákærða hafa gengið framur en efni stóðu til.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að tjónþoli hafi ekki hlotið þá áverka, er í læknisvottorðum greinir, við að falla í gólfið, og bent á, að tjónþoli hafi verið „það drukinn og æstur, er hann kom út, að allt eins“ sé „víst, að hann hafi dottið úti og hlotið tjón þetta þar.“ Ákærði hefur þó ekki bent á nein sérgreind atvik önnur, sem gætu verið orsök þeirra afleiðinga, sem í ákæru eru taldar þær, að „tennur í efri góm hans (tjónþola, innsk. dómara) losnuðu og fjarlægja þurfti ellefu þeirra.“ Dómurinn lítur svo á, að telja verði nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, sérstaklega vætti vitna og nokkru framburði ákærða sjálfs, að ákærði (sic) hafi fallið þungt beint á andlitið og jafnvel ekki getað borið fyrir sig hendur vegna taks ákærða og við það losnað tvær framtennur í efri góm tjónþola, þannig að nema varð aðra þeirra, sem var brotin, burtu, og varða ákærða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það þykir ekki eiga að leiða til annarrar niðurstöðu, að ekki er upplýst, að tjónþoli hafi borið sýnileg merki um meiðslin, er hann var reistur upp úr gólfinu, þar sem hann hafi legið rólegur og verið haldið af ákærða, sem hann hefur lýst, og fjarlægður.

Þar sem þá lýsingu skortir í ákæru, að önnur framtönnin brotnaði, þykir eigi heimilt að dæma ákærða fyrir það atriði samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Það verður eigi að heldur fært ákærða til refsiverðrar sakar, að aðrar efri gómstennur tjónþola voru fjarlægðar, en það ber að skoðast sem þáttur í því, að hann lét smíða sér lausar gerfittennur í góminn.

Ákærði er sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði, dags. 8. desember 1977, sem er óbreytt í dag samkvæmt upplýsingum sakaskrár, sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- 1963 2/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1965 5/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1971 28/5 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald. Sviptur öku-
leyfi í 1 ár frá 28/5 1971 fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga.
- 1973 5/9 í Hafnarfirði: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr.

24. gr. áfengisлага. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18/5 1973.

1974 25/1 í Hafnarfirði: Dómur: Varðhald í 5 daga fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarлага. Hegningarauki.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um háttsemi tjónþola, sem hlýddi eigi réttmætu boði ákærða um að yfirgefa veitingahúsið, er tími var til þess kominn, og þar sem ákærði hefur eigi áður né síðar gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að ákvörðun um refsingu ákærða skuli fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarлага nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Tjónþoli hafði krafist bóta úr hendi ákærða. Vegna bótakröfunnar ritaði Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður dómimum bréf, dags. 18. apríl 1978.

Þar segir m. a.:

„F. h. erfingja Garðars Eymundssonar, nafnr. 2512-9067, sem bjó að Hvannalundi 9, Garðabæ, og lést hinn 7. febrúar 1978, en erfingjarnir eru ekkjan Salome Sigríður Sigfúsdóttir, Hvannalundi 9, Garðabæ, og sonurinn Ari Kristinn Garðarsson, f. 7. apríl 1963, þá leyfi ég mér að krefjast þess, að bótakrafa sú, sem þér vísið til í bréfi yðar til Salome Sigfúsdóttur, dags. 06.03.1978, verði dæmd með refsímalínu.“

Ekkjan fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 21. mars 1978 og hefur þannig eignarhald á dánarbúi Garðars Eymundssonar.

Bótakrafan sundurliðast þannig:

1. Vottorð Kristjáns Jóhannessonar læknis kr.	2.100
2. Reikningur Ólafs P. Stephensen tannlæknis, 14/6'76	— 2.200
3. Reikningur Ólafs P. Stephensen tannlæknis	— 48.000
4. Lögfræðileg aðstoð við heimtu bótanna	..	— 10.000
5. Bætur fyrir líkamstjón, þjáningar, óþægindi og lýti,	— 200.000
auk 14% ársvaxta frá 1. janúar 1977 til greiðslu- dags.		

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfunni.

Um 1. Frammi liggur í málinu reikningur í samræmi við þennan kröfulið. Verður hann því tekinn til greina.

Um 2. Sama og um 1.

Um 3. Samkvæmt vætti Ólafs P. Stephensen tannlæknis er þessum kröfulið í hóf stillt.

Um 4. Ekki þykja efni til að dæma í máli þessu þóknun fyrir lögfræðilega aðstoð til handa tjónþola við framsetningu bótakröfunnar.

Um 5. Þessi kröfuliður þykir óhóflegur. Tekið verður tillit til ákvörðunar bóta fyrir hið ófjárhagslega tjón við ákvörðun heildarbóta.

Þegar allt er virt, þykja heildarbætur hæfilega ákveðnar 90.000 krónur. Vegna eigin sakar tjónþola þykir hann og þeir, sem leiða rétt sinn frá honum, eiga að bera 1/3 tjónsins, eða 30.000 krónur. Verður ákærða þá gert að greiða bótakrefjendum 2/3, eða 60.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Hávarðs Emilssonar, er frestað, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Salóme Sigfríði Sigfúsdóttur, Hvannalundi 9, Garðakaupstað, vegna dánarbús Garðars Eymundssonar 60.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.